

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 10. tbl. 5. árg. 12. maí 2011

Myndir augnabliksins voru teknar af heimasíðu Flúða. Þær sýna duglega krakka að hreinsa lóðina eftir veturinn.



Jafnréttisverkefni í Lundarskóla, unnið á vegum Evrópuráðsins.

Undanfarið ár hafa tveir kennarar úr Lundarskóla á Akureyri tekið þátt í verkefni á vegum Evrópuráðsins, Helga Ragnheiður og Kristín Irene. Heiti verkefnisins er „Að mennta til mannréttinda framtíðarþegn Evrópu“. Þátttakendur í verkefninu komu frá átta Evrópulöndum, 1-4 kennarar frá hverju landi. Löndin sem þátt tóku í verkefninu, auk Íslands voru: Rúmenía, Finnland, Grikkland, Holland, Frakkland, Þýskaland og Pólland. Í verkefninu fólst að taka þátt í tveimur vinnustofum þar sem kennarar fengu fræðslu um mannréttindakennslu og skiptust á hugmyndum. Verkefninu lauk með kynningu í Strassborg í Frakklandi. Í hópi Kristínar og Helgu voru 2 kennarar frá Finnlandi og 2 frá Þýskaland. Hópurinn ákvað að taka jafnrétti kynjanna fyrir. Í vinnustofunum voru meginlínur verkefnisins lagðar og síðan útfærði hver hópur fyrir sig vinnuna nánar. Í Lundarskóla tóku 7. og 8. bekkur þátt í verkefninu, alls 110 nemendur. Nemendur unnu m.a. verkefni um viðhorf fólks til jafnréttis, hvort það fari eftir kyni hvaða nám nemendur velja sér að loknum grunnskóla, hvort tölvunotkun sé mismunandi eftir kyni og fleiri verkefni voru unnin. Verkefninu lauk með kynningu þar sem samnemendur, foreldrar og stjórnendur lögðu spurningar fyrir nemendur og lögðu mat á vinnu nemenda.

Þann 19.- 21. mars síðastliðinn fóru kynningarnar fram í tónlistar- og ráðstefnuhöllinni í Strassborg. Það má segja að þetta hafi verið uppskeruhátíð verkefnisins og fleiri verkefna á vegum Evrópuráðsins. Með Kristínu og Helgu fóru 2 nemendur, Fannar Már í 7. bekk og Bára í 8. bekk. Fannar og Bára kynntu íslenska verkefnið á ensku. Þar sögðu þau frá því hvernig verkefnið var unnið og hvað þau hefðu lært af því. Þau voru góðir fulltrúar íslenskra grunnskólanemenda og öllum til sóma.



Laus er til umsóknar 100% staða verkefnastjóra við Skóladeild Akureyrarbæjar.

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á gott samstarf og góða þjónustu. Einnig er mikilvægt viðkomandi geti unnið utan dagvinnumarkna þegar það á við.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, starfsreynslu og þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi verkefnastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starf sitt sem verkefnastjórar geta þróast.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1000.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2011.

Nánari upplýsingar um starfið má sjá á heimsasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu koma hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Meginmarkmið

Nemendur

- Nemendur byggi upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efla frumkvæði og örvi sköpunargleði.
- Nemendur geri kröfur til sjálfra sín í námi og samskiptum og vandi öll sín verk.
- Nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdygða sem sammæli er um í þjóðfélaginu, svo sem áreiðanleika, hjálpsemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild, og fái þjálfun í að temja sér þær í leik og starfi.
- Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.
- Nemendur líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagaðan hlut og tileinki sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð.

Alþjóðlegt ár skóga.


Árið 2011 er alþjóðlegt ár skóga að frumkvæði allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Á árinu er stefnt að því að auka vitund fólks um mikilvægi skóga og styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd skóga og vöxt þeirra. Merki ársins, sem sést hér til hliðar, er hannað um þemað „Þetta gerir skógurinn fyrir þig“ og á að undirstrika að allir skógar hafa fjölbætt hlutverk.

Á vefsíðu Alþjóðlegs árs skóga á

Íslandi <http://arskoga2011.is/>

má nálgast ýmsan fróðleik tengdan skógum, m.a.

7 mínútna myndband um skóga sem Sameinuðu þjóðirnar létu gera í tilefni ársins. Margvíslegan fróðleik um tré og skóga má einnig nálgast á vef Námsgagnastofnunar <http://www.nams.is/>



Leikskólinn Hólamsól 5 ára.

Mánudaginn 2. maí varð leikskólinn Hólamsól 5 ára. Farið var í skruðgöngu í kring um skólann í tilefni dagsins. Auk þess að eiga afmæli fékk leikskólinn afhentan Grænfána. Börn og starfsfólk mættu í og með eitthvað grænt í tilefni dagsins. Akureyrarbær gaf fánastöng fyrir Grænfánann og foreldrafélagið færði skólanum einnig veglega afmælisgjöf sem innihélt kennsluspil í framburði hljóða, víðsjá og borvél.



Fréttir frá Tónlistarskólanum á Akureyri.

Skólinn mun bjóða upp á nýtt fyrirkomulag á forskólakennslu í tónlist fyrir börn á aldrinum 6 - 7 ára næsta vetur. Gert er ráð fyrir því að kennslan fari fram í 6 barna hópum á frístundatíma barnanna. Einnig verður boðið upp á nýja námsgrein, upptökutækni. Námið er hugsað sem tilraunaverkefni næsta vetur og felst í að læra upptökutækni í hljóðveri skólans. Sjá nánar á <http://www.tonak.is>

List- og menningarfræðsla á Íslandi.

Niðurstöður úttektar Menntamálaráðuneytisins á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi árin 2008-2009 eru komnar út í íslenskrí þýðingu. Rannsóknin tengist alþjóðlegri úttekt á listfræðslu sem gerð var árið 2006 á vegum UNESCO og samsvarar ítarlegum rannsóknum er síðar voru gerðar á landsvísi í Danmörku, flæmskumælandi hluta Belgíu og Hollandi. Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins má sjá eftirfarandi tilkynningu: „Í úttektinni voru lagðar til grundvallar eftirfarandi spurningar:

Hvað er gert í listfræðslu og hvernig er það gert?

Hver eru gæði listfræðslu á Íslandi?

Hvaða möguleikar liggja í listfræðslunni nú og í framtíðinni og hverjar eru áskoranirnar?

Úttektin tók hálf tveggja ára og beitt var bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum. Horft var til framboðs á list- og menningarfræðslu bæði í formlega jafnt sem óformlega skólakerfinu. Hægt er að nálgast niðurstöðurnar á <http://www.ki.is>

Ljóðasamkeppni Norðurorku.

Norðurorka efnir til ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna á þjónustusvæðum sínum í Eyjafirði undir yfirskriftinni „Hvers virði er mér vatnið“. Keppt er í þremur flokkum; 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Ljóðunum geta nemendur skilað á skrifstofu skólans síns eða sent þau í pósti til Norðurorku, Rangárvöllum, 603 Akureyri – merkt ljóðasamkeppni. Í ljóðabréfinu þarf að koma fram heiti ljóðsins, nafn höfundar og heimilisfang, sími og/eða netfang, skóli og bekkur. **Skilafrestur er til 13. maí.** Nánari upplýsingar og skýringar má finna á heimasíðu Norðurorku <http://www.no.is/>